


Kynningarrit um Noreg

ÚT ER komið kynningar- og upplýsingarit um Noreg á íslensku. Markmiðið með útgáfu þess er að sjá skólum landsins fyrir fræðsluefni um sögu, stjórnar- og staðhætti, atvinnulíf og menningu hinnar norsku þjóðar, en einnig hefur það upplýsingagildi fyrir þá sem hafa áhuga.


Listaverk Reykjavíkurborgar

Myndlist

Valtýr Pétursson

Það er löng og einkennileg saga, innkaup Reykjavíkurborgar á listaverkum. Í eina tíð var til innkaupanefnd, sem var mjög þokukennd, svo að ekki sé meira sagt. Sú nefnd datt eihvern veginn upp fyrir og nýtt fyrirkomulag varð til. Það var borgarlögmaður, sem var þar í forsvari, og gerðist margt gott, meðan sá ágætis maður Páll Líndal sat í þeirri stöðu. Svo komu stjórnir Kjarvalsstaða til sögunnar, og þá fór nú að færast líf í tuskurnar. Um tíma var enginn leikur að átta sig á þeim forsendum, sem eftir var unnið, og nú upp á síðkastið hafa vísir listamenn og listráðunautur Kjarvalsstaða staðið að innkaupum. Af þessum línum gefur að skilja, að þegar haldin er sýning á starfsemi sem þessari, eða réttara sagt árangri þessara nefnda, verður ekki hjá því komist, að misjafnt verði í pokahorninu. Það er og reyndin. Sú sýning, sem nú er á Kjarvalsstöðum, sýnir það greinilega, að mörg og stundum annarleg sjónarmið hafa ráðið, hvað borgin eignaðist af listaverkum. Það spannar aðeins þrjú ár, sem nú er sýnt, en auðvitað hefur borgin keypt listaverk um langan aldur og á sitt af hverju.


Það er skemmtilegt að sjá þessa sýningu, þótt hún sé í meira lagi sitt úr hverri áttinni. Það má náttúrlega endalaust deila um, hvernig að slíkum innkaupum eigi að standa, og ætla ég ekki að fara út í þá sálma hér, en það er gott til þess að vita, að borgarráðsmenn virðast meir og meir meðvitandi um, að það sé skylda borgarinnar að sýna þeim listamönnum, sem starfa í Reykjavík, áhuga. Það verður sjaldan ofmetið framlag þessa fólks til borgarlífsins, og nú seinustu árin hefur sýningafjöldi orðið það mikill, að um snaran þátt myndlistar í tilveru þess fólks, er byggir Reykjavíkurborg, efast enginn.




Yfirlit um salinn.

Það mætti margan upp telja af sýnendum á þessari sýningu, en látum það eiga sig að sinni. Þarna eru áttatíu verk af ýmissri gerð, og ég er viss um, að fólk getur fundið ýmislegt við sitt hæfi. Það eru allar mögulegar stíltegundir þarna á ferð og engin ein virðist vera meira í tízku en aðrar. Þarna eru menn yfir sjötugt og fólk af yngstu kynslóð listamanna. Þarna eru snörp átök á köflum, og þarna eru einnig meinlaus verk, sem virðast eiga nokkuð erfitt uppdráttar. Ég verð að játa, að forsendur fyrir þessari sýningu eru nokkuð óljósar. Því er einskorðað við þrú ár? Mætti ekki fara eftir kjörtímabili hverrar borgarstjórnar og þeir aðilar, sem til veljast að hugsa um innkaup skattborgaranna, þá látnir bera ábyrgð hverju sinni? Ekki meir um það. En Reykvíkingar ættu að taka virkan þátt í listalífi borgar sinnar með því að koma á þessa sýningu og sjá eigur sínar.

VERSLUNARMANNA helgin




Gallajakki
Verð
850
kr.



Leðurjakki
Verð
3.490
kr.



Sportskór
Verð
445
kr.



Svefnpoki
Verð
1.255
kr.

GÓÐ VARA – GÓÐ ÞJÓNUSTA – GOTT VERÐ

TORGIÐ
Austurstræti 10 sími 27211

Aðalfundur Sambands íslenzkra rafveitna

Á aðalfundum sýslunefnda Austur- og Vestur-Húnavatnssýslu sem lauk fyrir skömmu kom eftirfarandi fram.

Í V-Húnavatnssýslu var niðurjafnað sýslusjóðsgjald kr. 1.281.000. Stærstu útgjaldaliðir eru til heilbrigðismála tæplega 300 þús. og atvinnumála liðlega 300 þús., en einnig til byggingar sýsluhúss um 250 þús. Til vegamála er varið liðlega 1.400.000 kr. Helsta framkvæmd á vegum sýslunnar er bygging heilsugæslustöðvar, en hún var fokheld í fyrra. Einnig má nefna sýsluhús sem verið er að ganga frá, en sýslusjóður á einn fjórða hluta í 600 fermetra húsi er byggt hefur verið á Hvammstanga sem verslunar-, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði. Í þessu húsnæði er skrifstofa lögreglunnar á Hvammstanga og þarna er héraðsbóka- og skjalasafn.

Í Austur-Húnavatnssýslu var niðurjafnað sýslusjóðsgjald 2.730.000 kr. og stærsti útgjaldaliðurinn var til heilbrigðismála eða 1.790.000 kr. Til vegamála er varið 1.400.000 kr. Undanfarin ár hefur sýslusjóðurinn byggt íbúðir fyrir aldraða á Skagaströnd og Blönduósi. Þá hefur verið steyptur sökkull undir viðbyggingu við sjúkrahúsið á Blönduósi.

Áskriftar-síminn er 83033

MS MSW
símanúmerið okkar er 36777

AUGLÝSINGASTOFA MYNDAMÓTA HF